# ÍSLE3CĐ05

**Nafn áfanga:** ÍSLE3CĐ05

**Titill áfanga:** Ungmennamál og menning

**Stutt lýsing á efni áfangans**:
Í áfanganum verður farið yfir hugtakið unglingamál. Af hverju tala unglingar öðru vísi en eldra fólk? Tilraun verður gerð til að kortleggja unglingamál nútímans. Fjallað verður um tungumál samfélagsmiðla og hvernig tungumál og samfélagsmiðlar spila saman. Enn fremur verður menning ungmenna skoðuð í samhengi við tungumál ungmenna og samfélagsmiðla. Markmið áfangans er að nemendur öðlist færni í að fjalla um eigið tungumál af þekkingu og skilningi og öðlist aukið sjálfstraust í eigin málnotkun og menningu.

**Undanfari:**
ÍSLE2AB10/ÍSLE2BB05

**Nokkur lykilhugtök áfangans:**
Málrannsóknir, málvísindi, unglingamál, ungmennamenning, tungumál, samfélagsmiðlar, íslenska.

**Námsmat**:
Námsmat verður fjölbreytt og mun byggja á þátttöku nemenda. Engin próf verða í áfanganum. Nemendur munu taka viðtöl og framkvæma litla málrannsókn.